

#### BÆN OG INNSETNINGARORÐ

Bænin endar á orðunum: Um aldir alda.

**Svar: Amen.**

**Prestur:** Biðjum saman bænina, sem Drottinn hefur kennt oss.

**Allir: Faðir vor...**

**Allir: Ó, þú Guðs lamb, Kristur, þú sem burt ber heimsins synd, miskunna þú oss.  
Ó, þú Guðs lamb, Kristur, þú sem burt ber heimsins synd, miskunna þú oss.  
Ó, þú Guðs lamb, Kristur, þú sem burt ber heimsins synd, gef oss þinn frið. Amen.**

#### BERGING

Altarisgestir ganga innar. Taka við brauði í lófa og dífa í bikar. Að lokinni útdeilingu, er signing og gengið til sætis.

**Kammerkórinn syngur, „Benedictus“, „Agnus Dei“, úr Messe Basse eftir G. Fauré**

#### BÆN

**Prestur:** Látum oss biðja.....um aldir alda.

**Svar: Amen.**

#### BLESSUN (Söfnuðurinn stendur)

**Prestur:** Þökkum Drottni og vegsömum hann.

**Svar: Drottni sé vegsemd og þakkargjörð**

**Prestur:** Drottinn blessi.....

**Svar: Amen.**

#### SÁLMUR nr. 518

#### LOKABÆN

Meðhjálpari: **Drottinn, ég þakka þér fyrir það, að þú hefur leyft mér að taka þátt í sameiginlegri guðsþjónustu safnaðarins og þannig minnt mig á hverju ég á að trúá, hvernig ég á að breyta og hvers ég má vona. Hjálpa mér nú, Guð minn, með þínum heilaga anda, til að varðveita þitt orð í hreinu hjarta, styrkjast í trúnni, læra af því að taka framförum í guðrækilegu líferni og hugga mig við það í lífi og dauða. Amen.**

#### KLUKKNAHRINGING - EFTIRSPIL



## Hátíðarmessa í Seltjarnarneskirkju 22. febrúar 2009

Tuttugu ára vígsluafmælis Seltjarnarneskirkju minnst. Hinn 19. febrúar 1989 vígði hr. Pétur Sigurgeirsson biskup kirkjuna.

**Prestar:** Solveig Lára Guðmundsdóttir og Sigurður Grétar Helgason  
**Organisti:** Bjarni Jónatansson og Friðrik Vignir Stefánsson  
**Ritningarlesarar:** Birna Óskarsdóttir og Rannveig Ívarsdóttir  
**Bænalesarar:** Erna Kristinsdóttir og Sigurbjörg Sigurðardóttir  
**Tónlist:** Kammerkór Seltjarnarneskirkju, Selkórinn undir stjórn Jóns Karls Einarssonar  
**Einsöngur:** Eygló Rúnarsdóttir, Inga Björg Stefánsdóttir og Ragnheiður Sara Grímsdóttir  
**Trompet:** Steinar Matthías Kristinsson

## FORSPIÐ

### UPPHAFSBÆN

Prestur: (allir taka þátt í signingunni)  
Í nafni Guðs föður, sonar og heilags anda.

Svar: **Amen.**

Prestur: Hjálp vor kemur frá Drottni.

Svar: **Skapara himins og jarðar**

Allir: **Drottinn, ég er komin/n í þitt heilaga hús til að lofa þig og ákalla og til að heyra, hvað þú, Guð faðir, skapari minn, þú Drottinn Jesús, frelsari minn, þú heilagi andi, huggari minn, vilt við mig tala í þínu orði. Drottinn, heyr þú lofgjörð mína og bæn og opna þú með þínum heilaga anda hjarta mitt fyrir sakir Jesú Krists, að ég fyrir þitt orð iðrist synda minna, trúi á Jesú í lífi og dauða og taki framförum í kristilegu hugarfari og lífern. Bænheyr það, ó Guð, fyrir Jesú Krist. Amen.**

### INNGÖNGUSÁLMUR nr. 357

#### MISKUNNARBÆN

Kyrie, „Messe Basse“, eftir G. Fauré

#### DÝRDARSÖNGUR (Söfnuður stendur)

Prestur: Dýrð sé Guði í upphæðum

Svar: **Og friður á jörðu og velþóknun yfir mönnum**

**Þig lofar, faðir, líf og önd,**

**þín líkn oss alla styður.**

**Þú réttir þína helgu hönd**

**af himni til vor niður.**

**Og föðurelska, þóknun þín,**

**í þínum syni til vor skín,**

**þitt frelsi, náð og friður.**

#### KOLLEKTA (Söfnuður sest)

Prestur: Drottinn sé með yður

Svar: **Og með þínum anda.**

Prestur: (Bænin endar á orðunum): ..um aldir alda.

Svar: **Amen.**

#### RITNINGARLESTUR

Fyrri ritningarlestur úr Gamla testamenti (Jesaja. 50:4-10)

Lesturinn endar á orðunum: Þannig hljóðar hið heilaga orð.

Svar: **Guði sé þakkargjörð.**

Síðari ritningarlestur úr Nýja testamenti (1. Kor. 1:18-25)

Lesturinn endar á orðunum: Þannig hljóðar hið heilaga orð

Svar: **Dýrð sé þér Drottinn.**

#### LOFGJÖRÐARVERS, Selkórinn,

„Geistliches Lied“, Johannes Brahms

#### GUÐSPJALL (Lúk. 18:31-34) (Söfnuður stendur)

Prestur: Guðspjallið skrifar guðspjallamaðurinn ...

Svar: **Guði sé lof og dýrð fyrir sinn gleðilegan boðskap.**

Presturinn les guðspjallið og endar á orðunum:

Þannig hljóðar hið heilaga guðspjall.

Svar: **Lof sé þér Kristur.**

#### TRÚARJÁTNING (Söfnuður stendur)

#### SÁLMUR nr. 367

#### PRÉDIKUN

Selkórinn, „Helgisöngur“, Felix Mendelssohn

#### ALMENN KIRKJUBÆN

Hver hluti bænarrinnar endar á orðunum: Fyrir Jesú Krist, Drottin vorn.

Svar: **Drottinn heyr vora bæn.**

#### SYNDAJÁTNING - FRÍÐARKVEÐJA

Prestur: Játum syndir vorar og lífum í kærleika og sátt við alla menn.

Allir: **Ég játa fyrir þér, almáttugi Guð, skapari minn og lausnari, að ég hef margvíslega syndgað í hugsunum, orðum og gjörðum. Fyrirgef mér sakir miskunnar þinnar og leið mig til eilífs lífs, til dýrðar nafni þínu.**

Þögn til íhugunar.

Prestur: Almáttugur Guð fyrirgefi yður allar syndir, styrki yður og leiði til eilífs lífs fyrir Jesú Krist, Drottin vorn.

Svar: **Amen**

Prestur: Friður Drottins sé með yður.

Svar: **Og með þínum anda.**

#### SÁLMUR nr. 47

#### ÞAKKARGJÖRÐIN (Söfnuður stendur)

Prestur: Drottinn sé með yður.

Svar: **Og með þínum anda.**

Prestur: Lyftum hjörtum vorum til himins.

Svar: **Vér hefjum þau til Drottins.**

Prestur: Látum oss þakka Drottni Guði vorum.

Svar: **Það er maklegt og réttvíst...**

Prestur: Sannlega... og segjum án afláts.

Allir: Heilagur, heilagur, heilagur ert þú Drottinn Guð allsherjar.

Himnarnir og jörðin eru full af dýrð þinni. Hósianna í upphæðum. Blessaður sé sá, sem kemur í nafni Drottins. Hósianna í upphæðum.

(Söfnuður sest)